

VIÐHORF TIL LÖGREGLU

Könnun á viðhorfum höfuðborgarbúa til
aðgerða vegna COVID-19 og annarra starfa
lögreglunnar

2020



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS





Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Lögreglustjórn á höfuðborgarsvæðinu
Markmið rannsóknar	Að kanna viðhorf höfuðborgarbúa til aðgerða vegna COVID-19 og til annarrar þjónustu og starfa lögreglu
Dagsetning skýrsluskila	14. júlí 2020

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Gagnaöflun og úrvinnsla	Margrét Valdimarsdóttir
Skýrsluhöfundur	Margrét Valdimarsdóttir

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Niðurstöður könnunarinnar benda til að mikill meirihluti íbúa á höfuðborgarsvæðinu hafi verið hlynntur aðgerðum stjórnvalda til að vinna gegn COVID-19. Flestir studdu jafnframt aðgerðir lögreglu vegna COVID-19 heilshugar. Stór hluti borgarbúa vildi herða refsingar við brotum gegn samkomubanni, en mjög lítil hluti af þeim sem urðu varir við slík brot tilkynntu þau til lögreglu.
- Á síðustu árum hafa viðhorf höfuðborgarbúa til lögreglu verið könnuð með því að skoða hvort borgarbúar beri traust til lögreglu, upplifun þeirra á lögmæti og heiðarleika lögreglu, hvort fólk telur lögreglu skila góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum, hvort hún sé sýnileg og aðgengileg. Almennt hafa borgarbúar jákvætt viðhorf til lögreglu.
- Aðeins lægra hlutfall borgarbúa telur lögreglu hafa skilað góðu starfi til að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi nú en á síðustu árum. Þó eru enn yfir 80% höfuðborgarbúa sem telur lögreglu skila góðu starfi. Um 7 af hverjum 10 íbúum á höfuðborgarsvæðinu telur lögreglu aðgengilega. Ekki er skýrt mynstur í breytingum á sýnileika lögreglu. Borgarbúum sem aldrei verða varir við lögreglu í sínu hverfi fækkar en þeim hefur einnig fækkað sem verða varir við lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi oftast en einu sinni í viku, sérstaklega ef lítið er 10 ár aftur í tímann.
- Flestir bera traust til lögreglu og starfa hennar (rétt yfir 80% höfuðborgarbúa). Eins telja 8 af hverjum 10 íbúum lögreglu heiðarlega og telja mikilvægt að fylgja fyrirmælum hennar við ólíkar aðstæður. Þrátt fyrir að meirihluti borgarbúa beri traust til lögreglu hefur hlutfall fólks sem ber traust til lögreglu aðeins lækkað frá því sem það hefur verið á síðustu árum.
- Viðhorf til lögreglu eru að einhverju leyti mismunandi á milli hópa. Konur jákvæðari í garð lögreglu en karlar og líklegri til að bera traust til lögreglu og starfa hennar. Almennt er eldra fólk jákvæðara í garð lögreglu en fólk í yngri aldurshópum og fólk sem hefur lokið háskólanámi jákvæðara en borgarbúar með skemmri menntun. Ekki er skýrt mynstur í viðhorfum til lögreglu eftir búsetu (mismunandi eftir því hvað spurt er um) en þó virðast íbúar í Breiðholti og Árbæ síður upplifa lögreglu aðgengilega en íbúar annarra hverfa.
- Rúmlega þriðjungur íbúa á höfuðborgarsvæðinu leitaði eftir einhverskonar þjónustu lögreglu á árinu. Flestir sem leituðu eftir þjónustu lögreglu hringdu í Neyðarlínuna (112). Fólk á aldrinum 26-35 ára leitar frekar eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu en fólk í öðrum aldurshópum. Mikill meirihluti þeirra sem leitaði eftir þjónustu lögreglu var ánægður með þá þjónustu sem þeir fengu.



EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	5
Framkvæmd.....	5
Viðhorf til aðgerða vegna COVID-19.....	8
Viðhorf til starfa lögreglu.....	14
Sýnileiki lögreglu.....	17
Aðgengi að lögreglunni.....	20
Traust til lögreglu og upplifun á lögmæti og heiðarleika lögreglu.....	23
Samskipti við lögreglu.....	27

INNGANGUR

Undanfarin ár hafa embætti Ríkislögreglustjóra og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu kannað reynslu landsmanna af afbrotum, öryggistilfinningu þeirra og viðhorf til þjónustu og starfa lögreglu. Þar sem eingöngu hluti afbrota er tilkynntur til lögreglu, er könnunin mikilvægur liður í því að meta tíðni afbrota á Íslandi. Niðurstöður þessara kannana eru jafnframt notaðar til að meta störf og árangur lögreglu og niðurstöður þeirra notaðar við stefnumótun í löggæslu.

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður um viðhorf höfuðborgarbúa til þjónustu og starfa lögreglu. Hér er jafnframt greint frá niðurstöðum þar sem höfuðborgarbúar voru spurðir sérstaklega um viðhorf þeirra til aðgerða lögreglu við að framfylgja lögum og takmörkunum vegna COVID-19. Upplýsingar um reynslu höfuðborgarbúa af afbrotum og öryggistilfinningu má finna í öðrum skýrslum á vef lögreglunnar. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um framkvæmd könnunarinnar¹.

FRAMKVÆMD

Tekið var 4.000 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Netpanell Félagsvísindastofnunar samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnun á vegum stofnunarinnar. Úrtakið var tvískipt; 2.000 af höfuðborgarsvæðinu og 2.000 af landsbyggðinni. Ekki náðist í 80 einstaklinga (óvirk netföng) í úrtaki fólks á höfuðborgarsvæðinu en alls svöruðu 1.159 einstaklingar könnuninni og svarhlutfall var því um 60%. Könnun var send út 10. maí 2020. Fjórar ítrekanir voru sendar með tölvupósti frá 14. maí til 2. júní og lokað var fyrir gagnaöflun 9. júní 2020.

Gögn hafa verið vigtuð þannig að úrtakið endurspegli þýði höfuðborgarbúa með tilliti til kyns, aldurs og menntunar². Gögnin eru vigtuð til að koma í veg fyrir skekkju sem myndast vegna kerfisbundins brottfalls ákveðinna hópa. Í töflu 2 eru birtur samanburður á dreifingu í hverjum hópi meðal svarenda og í þýði höfuðborgarbúa.

¹ Tillaga af tilvitnun: Margrét Valdimarsdóttir. (2020). Viðhorf til lögreglu: Könnun á viðhorfum höfuðborgarbúa til aðgerða vegna COVID-19 annarrar þjónustu og starfa lögreglunnar. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

² Þýðisupplýsingar um kynjahlutföll og hlutföll í hverjum aldurshópi koma frá Hagstofu Íslands í júní 2020. Þýðisupplýsingar um menntun byggja á manntali Hagstofu Íslands frá 2011, en Hagstofan hefur ekki safnað manntalsupplýsingum síðan þá. Þrátt fyrir að vigt byggji á upplýsingum um menntun frá árinu 2011 mun sú vigt draga úr þeirri skekkju sem myndast vegna hærri svarhlutfalls meðal háskólamenntaðra einstaklinga.

Niðurstöður eru greindar eftir kyni, aldri, menntun og búsetu. Búsetu er skipt upp í hverfi annars vegar og löggæslusvæði hins vegar. Póstnúmer á höfuðborgarsvæðinu tilheyra eftirfarandi löggæsluvæðum:

Löggæslusvæði 1: 101, 102, 103, 104, 105, 107, 108 og 170.

Löggæslusvæði 2: 210, 220, 221, 222 og 225.

Löggæslusvæði 3: 109, 111, 200, 201, 202 og 203.

Löggæslusvæði 4: 110, 112, 113, 116, 270, 271 og 276.

Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðilega marktækur munur kemur fram er það gefið til kynna með stjörnum. Ein stjarna gefur til kynna að innan við 5% líkur eru á því að sá munur sem sést á milli hópa svarenda myndi koma fram jafnvel þó enginn munur sé á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0,05$), þ.e. meðal allra höfuðborgarbúa sem eru 18 ára og eldri. Tvær stjörnur gefa til kynna að innan við 1% líkur eru á því að sá munur sem sést á milli hópa svarenda myndi koma fram jafnvel þó enginn munur sé á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0,01$). Þrjár stjörnur gefa til kynna að innan við 0,1% líkur eru á því að sá munur sem sést á milli hópa svarenda myndi koma fram jafnvel þó enginn munur sé á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0,001$).

Tafla 1. Framkvæmd könnunar

Framkvæmdarmáli	Netkönnun
Upplýsingasöfnun	10.05.2020-09.06.2020
Fjöldi í úrtaki	2000
Fjöldi svarenda	1159
Brottfall	80
Svarhlutfall	60%


Tafla 2. Samanburður á dreifingu eftir kyni, aldri og menntun svarenda og þýðis

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Hlutfall í þýði
Kyn			
Karl	550	47,5	51,1%
Kona	609	52,5	48,9%
Aldur***			
18-25 ára	124	10,7	14,3%
26-35 ára	195	16,8	20,8%
36-45 ára	200	17,3	18,2%
46-55 ára	240	20,7	16,1%
56-65 ára	189	16,3	14,3%
66 ára og eldri	211	18,2	16,2%
Menntun***a			
Grunnskólamenntun	89	8,2%	30,3%
Framhaldsskólamenntun	372	34,5%	38,7%
Háskólamenntun	618	57,3%	31,0%


Marktækur munur er á hlutfalli í úrtaki og hlutfalli í þýði; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$
a: Þýði allra landsmanna árið 2011

Viðhorf til aðgerða vegna COVID-19


- Niðurstöður könnunarinnar benda til að höfuðborgarbúar hafi almennt verið hlyntir aðgerðum stjórnvalda og stutt aðgerðir lögreglu vegna COVID-19. Eins og kemur fram á mynd 1, greindu nánast allir þátttakendur frá því að hafa verið mjög eða frekar hlyntir því að lögð væri áhersla á smitakningu (99%) og að sett væri á samkomubann (98%). Jafnframt voru um og yfir 90% þátttakanda hlyntir því að ferðamenn þyrftu að fara í sóttkví og hér væru líkamsræktarstöðvum og öðrum stöðum þar sem ekki er komist hjá snertingu lokað. Tæplega 80% var fylgjandi því að skólahald barna væri takmarkað og 77% að hér væri ekki sett á útgöngubann.
- Á mynd 2 má sjá viðhorf höfuðborgarbúa til mismunandi afleiðinga vegna brota gegn samkomubanni. Niðurstöður sýna að um 80% þátttakanda voru því mjög eða frekar sammála að það ætti að sekta fólk um háar fjárhæðir fyrir að halda samkvæmi þar sem fleirum er boðið en reglur um samkomubann heimila. Einungis um 9% þátttakanda voru því fylgjandi að brot gegn samkomubanni væru ekki refsiferð.
- Tæplega þriðjungur þátttakanda greindi frá því að hafa orðið var við brot gegn samkomubanni (31%, sjá mynd 3). Lítil hluti þeirra sem varð var við brot á samkomubanni tilkynnti brotið, eða um 2% til lögreglu og 12% sem tilkynnti annað en til lögreglu.
- Í töflu 3 er hlutfall þátttakanda sem varð var við brot gegn samkomubanni greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun. Það er einungis marktækur munur eftir aldri þar sem fólk í yngri aldurshópum var nokkuð líklegra til að verða vart við slík brot. Í töflunni má sjá að hlutfallslega flestir þátttakendur sem búa í miðborg og gamla vesturbænum urðu varir við brot við samkomubanni, en munur á milli hverfa er þó ekki tölfræðilega marktækur.
- Íbúar á höfuðborgarsvæðinu voru spurðir um skoðun sína á aðgerðum lögreglu við að framfylgja reglum og takmörkunum vegna COVID-19. Nánast 9 af hverjum 10 sögðust styðja aðgerðir lögreglu heilshugar (mynd 4). Svarmöguleikar við spurningunni sem birt er á mynd 4 eru í samræmi við könnun sem lögð var fyrir tilviljunarúrtak almennings á Bretlandi. Mun meiri stuðningur var við aðgerðir lögreglu hér á landi en meðal Breta (sjá nánar hér: <https://www.crestadvisory.com/post/policing-the-covid-19-lockdown-what-the-public-thinks>).
- Niðurstöður könnunarinnar benda til að fáum íbúum (3% þátttakanda) á höfuðborgarsvæðinu hafi þótt lögregla ganga of langt í aðgerðum sínum vegna COVID-19 og fáum (3% þátttakanda) hafi þótt lögregla ekki gera nóg til að framfylgja reglum og takmörkunum vegna COVID-19 (sjá mynd 4).
- Í töflu 4 má sjá hlutfall þátttakanda sem styður aðgerðir lögreglu heilshugar eftir bakgrunnspáttum. Hlutfallslega fleiri konur en karlar studdu aðgerðir lögreglu, eða tæplega 94% kvenna en tæp 84% karla. Þessi munur er þó ekki tölfræðilega marktækur. Stuðningur við aðgerðir lögreglu vegna COVID-19 var marktækt meiri hjá eldri aldurshópum en þeim yngri. Ekki er tölfræðilega marktækur munur á hlutfalli þeirra sem sögðust styðja aðgerðir lögreglu heilshugar eftir búsetu né menntun.



Mynd 1. Hlutfall þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu sem voru mjög eða frekar hlynt aðgerðum stjórnvalda til að vinna gegn útbreiðslu COVID-19 hér á landi



Mynd 2. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum varðandi brot gegn samkomubanni?




Mynd 3. Hefur þú orðið var/vör við brot gegn samkomubanni? Tilkynntir þú brotið/brotin sem þú varðst var/vör við?

Tafla 3. Hlutfall þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu sem greindi frá því að hafa orðið var við brot gegn samkomubanni, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun

	Heildarfjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Hlutfall
Heild			
	1017	31,0%	31,0%
Kyn			
Karl	511	32,7%	32,7%
Kona	505	29,3%	29,3%
Aldur***			
18-25 ára	141	53,9%	53,9%
26-35 ára	200	47,1%	47,1%
36-45 ára	190	26,8%	26,8%
46-55 ára	172	23,7%	23,7%
56-65 ára	141	22,0%	22,0%
66 ára og eldri	170	12,4%	12,4%
Búseta			
Miðborg, Gamli Vesturbær	67	43,3%	43,3%
Hlíðar	69	30,1%	30,1%
Vesturbær, Seljarnarnes	93	33,5%	33,5%
Laugardalur, Háaleiti	87	34,6%	34,6%
Breiðholt	88	23,9%	23,9%
Árbær	54	27,2%	27,2%
Grafarvogur, Grafarholt	134	29,8%	29,8%
Kópavogur	157	30,0%	30,0%
Garðabær, Álfanes	61	31,3%	31,3%
Hafnarfjörður	143	30,7%	30,7%
Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjósarhr.	63	28,7%	28,7%
Löggæslusvæð			
Löggæslusvæði 1	315	35,1%	35,1%
Löggæslusvæði 2	204	30,9%	30,9%
Löggæslusvæði 3	246	27,8%	27,8%
Löggæslusvæði 4	252	28,9%	28,9%
Menntun			
Grunnskólanám	319	32,9%	32,9%
Framhaldsskólanám	360	31,7%	31,7%
Háskólanám	294	30,6%	30,6%




























0% 20% 40% 60% 80% 100%

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001



Mynd 4. Hver af eftirfarandi fullyrðingum lýsir best skoðun þinni á aðgerðum lögreglu við að framfylgja reglum og takmörkunum vegna COVID-19?

Tafla 4. Hlutfall þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu sem studdi aðgerðir lögreglu vegna COVID-19 heilshugar, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun

	Heildarfjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Hlutfall
Heild			
	1023	88,7%	 88,7%
Kyn			
Karl	514	83,7%	 83,7%
Kona	510	93,7%	 93,7%
Aldur***			
18-25 ára	140	81,0%	 81,0%
26-35 ára	196	84,9%	 84,9%
36-45 ára	186	88,4%	 88,4%
46-55 ára	173	91,9%	 91,9%
56-65 ára	152	90,7%	 90,7%
66 ára og eldri	176	94,5%	 94,5%
Búseta			
Miðborg, Gamli Vesturbær	68	77,0%	 77,0%
Hlíðar	70	92,8%	 92,8%
Vesturbær, Seljarnarnes	81	89,1%	 89,1%
Laugardalur, Háaleiti	90	92,4%	 92,4%
Breiðholt	86	92,4%	 92,4%
Árbær	52	85,4%	 85,4%
Grafarvogur, Grafarholt	140	87,7%	 87,7%
Kópavogur	167	91,6%	 91,6%
Garðabær, Álftanes	62	94,0%	 94,0%
Hafnarfjörður	147	80,7%	 80,7%
Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjósarhr.	60	96,6%	 96,6%
Löggæslusvæð			
Löggæslusvæði 1	308	88,3%	 88,3%
Löggæslusvæði 2	209	84,6%	 84,6%
Löggæslusvæði 3	252	91,9%	 91,9%
Löggæslusvæði 4	252	89,4%	 89,4%
Menntun			
Grunnskólanám	317	88,6%	 88,6%
Framhaldsskólanám	363	87,6%	 87,6%
Háskólanám	297	90,5%	 90,5%


Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Viðhorf til starfa lögreglu


- Um 20% höfuðborgarbúa telur lögreglu skila mjög góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi og 63% telur hana skila frekar góðu starfi (sjá töflu 5). Hér er vert að taka fram að þetta er hlutfall af þeim sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Nokkur stór hópur telur sig ekki vita hversu góðu eða slæmu starfi lögreglan hefur skilað.
- Eins og kemur fram á myndum 5 og 6 hefur orðið lítil breyting á viðhorfum til lögreglu frá því að mælingar hófust árið 2008. Hlutfallslega flestir voru ánægðir með störf lögreglunnar árið 2014 þegar 92% þátttakanda á höfuðborgarsvæðinu taldi lögreglu hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi.
- Marktækur munur er á viðhorfum höfuðborgarbúa til starfa lögreglu eftir öllum bakgrunnspáttum nema löggæslusvæði. Hlutfallslega fleiri konur (90%) en karlar (76,8%) telja lögreglu hafa skilað góðu starfi til að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi (sjá töflu 6). Ánægja með störf lögreglu er mest meðal fólks í elsta aldurhópnum (66 ára og eldri) en minnst meðal fólks í þeim næst elsta (56 til 65 ára).
- Lægra hlutfall íbúa í Breiðholti heldur en í öðrum hverfum telja lögreglu hafa skilað góðu starfi til að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi, eða um 70%. Hæst er hlutfallið í Garðabæ og á Álftanesi þar sem 9 af hverjum 10 íbúum telja lögreglu hafa skilað góðu starfi. Í töflu 6 kemur jafnframt fram að ánægja með störf lögreglu eykst með aukinni menntun.

Tafla 5. Þegar á heildina er litið, hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í þínu hverfi til að stemma stigu við afbrotum?

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög góðu starfi	159	20%	2,3%	20%
Frekar góðu starfi	515	63%	2,8%	63%
Frekar slæmu starfi	114	14%	2,0%	14%
Mjög slæmu starfi	28	3%	1,0%	3%
Fjöldi svara	816	100%		
Veit ekki	341			
Vil ekki svara	2			
Alls	1159			



Mynd 5. Þegar á heildina er lítið, hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í þínu hverfi til að stemma stigu við afbrotum? Samanburður árána 2008 til 2020



Mynd 6. Hlutfall þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu sem telur lögreglu hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi til að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi, samanburður árána 2008 til 2020

Tafla 6. Hlutfall þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu sem telur lögreglu hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi, greint eftir kyni aldri, búsetu og menntun³

	Heildarfjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Hlutfall
Heild	815	82,6%	82,6%
Kyn***			
Karl	453	76,8%	76,8%
Kona	361	90,0%	90,0%
Aldur*			
18-25 ára	127	80,8%	80,8%
26-35 ára	168	77,3%	77,3%
36-45 ára	151	83,3%	83,3%
46-55 ára	133	87,8%	87,8%
56-65 ára	103	76,9%	76,9%
66 ára og eldri	134	89,6%	89,6%
Búseta*			
Miðborg, Gamli Vesturbær	60	75,0%	75,0%
Hlíðar	54	88,5%	88,5%
Vesturbær, Seljarnarnes	60	73,8%	73,8%
Laugardalur, Háaleiti	66	83,3%	83,3%
Breiðholt	71	70,2%	70,2%
Árbær	36	86,2%	86,2%
Grafarvogur, Grafarholt	111	87,7%	87,7%
Kópavogur	127	85,3%	85,3%
Garðabær, Álftanes	58	90,3%	90,3%
Hafnarfjörður	124	83,1%	83,1%
Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjósarhr.	51	82,9%	82,9%
Löggæslusvæði			
Löggæslusvæði 1	240	80,0%	80,0%
Löggæslusvæði 2	180	85,4%	85,4%
Löggæslusvæði 3	198	79,9%	79,9%
Löggæslusvæði 4	197	86,2%	86,2%
Menntun*			
Grunnskólanám	257	78,2%	78,2%
Framhaldsskólanám	294	83,4%	83,4%
Háskólanám	214	87,1%	87,1%

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

³ Heildarfjöldi svarenda sem gaf upp afstöðu til spurningarinnar um störf lögreglu voru 815, af þeim voru 82,6% svarenda mjög eða frekar ánægðir (eða 674).


Sýnileiki lögreglu

- Til þess að meta sýnileika lögreglu var spurt hversu oft að jafnaði fólk sér lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi. Eins og kemur fram í töflu 8, segjast flestir höfuðborgarbúar sjá lögregluna í sínu hverfi einu sinni í mánuði eða sjaldnar (en þó oftast en aldrei), eða um 44%. Jafnframt er algengt að fólk greini frá því að það sjái lögreglu í sínu hverfi 2-3 í mánuði til vikulega (32%). Um 15% íbúa á höfuðborgarsvæðinu sjá lögregluna oftast en einu sinni í viku, en 9% segjast aldrei sjá lögreglu eða lögreglubíl í sínu hverfi.
- Á myndum 7 og 8 er sýnileiki lögreglu borin saman frá árinu 2008 til 2020. Á árinu 2020 jókst prósenthlutfall þeirra sem greindu frá því að þeir verði aldrei varir við lögreglu í sínu hverfi (í 9% úr 7% árið 2019). Hlutfall höfuðborgarbúa sem aldrei sjá lögreglu var hæst árið 2008 þegar það var 13%. Hlutfall borgarbúa sem greindu frá því að sjá lögreglu í sínu hverfi oftast en einu sinni í viku hefur lækkað töluvert frá því sem það var á árunum 2008 til 2014, en á síðustu árum hefur þó hlutfall þeirra sem aldrei sjá lögreglu einnig lækkað.
- Í töflu 8 er sýnileiki lögreglu greindur eftir kyni, aldri, búsetu og menntun. Það er tölfræðilega marktækur munur eftir öllum þessum þáttum. Karlar eru marktækt líklegri en konur til að greina frá því að sjá lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi oftast en einu sinni í viku, og yngri fólk frekar en fólk sem er 56 ára eða eldra.
- Það er nokkur munur á hversu hátt hlutfall þátttakanda greinir frá því að sjá lögreglu í sínu hverfi oftast en einu sinni í viku eftir því í hvaða hverfi fólk býr. Hátt hlutfall þátttakanda sem býr í miðborg eða gamla vesturbæ (um 35%) og í Hafnafirði (um 25%) verður var við lögreglu oftast en einu sinni í viku. Einungis eitt og hálf prósent íbúa í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi eða í Kjósarhreppi verður var við lögreglu oftast en einu sinni í viku.
- Fólk með grunnskólanám er líklega en fólk með lengri menntun til að verða var við lögreglu oftast en einu sinni í viku. Sennilega tengist aldur og búseta þessum mun á milli hópanna.


Tafla 7. Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi að jafnaði? ⁴

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Oftast en einu sinni í viku	166	15%	2,1%	15%
2-3 í mánuði til vikulega	358	32%	2,7%	32%
Einu sinni í mánuði eða sjaldnar	489	44%	2,9%	44%
Aldrei	101	9%	1,7%	9%
Fjöldi svara	1114	100%		
Veit ekki	43			
Vil ekki svara	2			
Alls	1159			

⁴ Spurt var: Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi að jafnaði (hér er ekki átt við sýnileika lögreglu t.d. í fjölmiðlum)?



Mynd 7. Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi að jafnaði? Samanburður árána 2008 til 2020 (spurning ekki notuð í könnun árið 2015)



Mynd 8. Hlutfall þátttakenda sem sér lögreglumann eða lögreglubíl oftar en einu sinni í viku, samanburður árána 2008 til 2020 (spurning ekki notuð í könnun árið 2015)

Tafla 8. Hlutfall þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu sem sér lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi oftar en einu sinni í viku, skipt upp eftir kyni aldri, búsetu og menntun

	Heildarfjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Hlutfall
Heild	1114	14,9%	14,9%
Kyn**			
Karl	571	16,1%	16,1%
Kona	543	13,6%	13,6%
Aldur*			
18-25 ára	167	18,1%	18,1%
26-35 ára	221	16,3%	16,3%
36-45 ára	202	18,7%	18,7%
46-55 ára	185	18,1%	18,1%
56-65 ára	163	8,0%	8,0%
66 ára og eldri	178	8,8%	8,8%
Búseta***			
Miðborg, Gamli Vesturbær	72	34,9%	34,9%
Hlíðar	67	7,1%	7,1%
Vesturbær, Seltjarnarnes	96	22,7%	22,7%
Laugardalur, Háaleiti	96	11,7%	11,7%
Breiðholt	97	16,5%	16,5%
Árbær	58	15,9%	15,9%
Grafarvogur, Grafarholt	151	17,3%	17,3%
Kópavogur	181	5,5%	5,5%
Garðabær, Álfanes	76	3,2%	3,2%
Hafnarfjörður	153	24,9%	24,9%
Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjósarhr.	66	1,5%	1,5%
Löggæslusvæði**			
Löggæslusvæði 1	331	19,1%	19,1%
Löggæslusvæði 2	229	17,6%	17,6%
Löggæslusvæði 3	278	9,4%	9,4%
Löggæslusvæði 4	275	13,2%	13,2%
Menntun**			
Grunnskólanám	331	21,4%	21,4%
Framhaldsskólanám	392	12,7%	12,7%
Háskólanám	320	9,7%	9,7%


Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Aðgengi að lögreglunni


- Um 20% þátttakenda telur lögreglu mjög aðgengilega og um helmingur telur hana frekar aðgengilega. Tæplega þriðjungur telur því lögreglu frekar eða mjög óaðgengilega (sjá töflu 7).
- Upplifun höfuðborgarbúa á aðgengi sínu að lögreglunni hefur verið nokkuð svipuð á undanförunum árum. Þó hefur hlutfall þeirra sem telja lögreglu mjög aðgengilega farið lækkandi á síðustu árum. Árið 2008 greindu 29% svarenda frá því að þeir teldu lögreglu mjög aðgengilega en um 19% árið 2020 (sjá myndir 9 og 10).
- Það er tölfræðilega marktækur munur á mati höfuðborgarbúa á aðgengi sínu að lögreglunni eftir kyni, búsetu og menntun. Þannig telja hlutfallslega fleiri konur en karlar lögreglu aðgengilega. Hlutfallslega fæstir íbúar í Breiðholti telja lögreglu mjög eða frekar aðgengilega en íbúar í öðrum hverfum á höfuðborgarsvæðinu, eða um 55%. Hæst er hlutfallið í Hafnafirði en þar telja tæplega 80% íbúa lögreglu aðgengilega. Aðeins lægra hlutfall þátttakanda með grunnskólapróf upplifir lögreglu aðgengilega en hlutfall fólks með lengri menntun (sjá töflu 11).

Tafla 9. Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá þjónustu eða aðstoð þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi?

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög aðgengileg	416	25%	1,8%	25%
Frekar aðgengileg	848	50%	2,1%	50%
Frekar óaðgengileg	319	19%	1,6%	19%
Mjög óaðgengileg	113	7%	1,0%	7%
Fjöldi svara	1696	100%		
Veit ekki	471			
Vil ekki svara	23			
Alls	2190			



Mynd 9. Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá þjónustu eða aðstoð þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi? Samanburður árána 2008 til 2020 (spurning ekki notuð í könnun árið 2015)



Mynd 10. Hlutfall þátttakenda sem telur lögreglu vera mjög eða frekar aðgengilega, samanburður árána 2008 til 2020 (spurning ekki notuð í könnun árið 2015)

Tafla 10. Hlutfall þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu sem telur lögreglu vera mjög eða frekar aðgengilega í sínu hverfi

	Fjöldi efir vigtun	Hlutfall	Hlutfall
Heild	799	69,8%	69,8%
Kyn**			
Karl	418	65,5%	65,5%
Kona	381	74,6%	74,6%
Aldur			
18-25 ára	126	69,0%	69,0%
26-35 ára	186	67,3%	67,3%
36-45 ára	151	65,6%	65,6%
46-55 ára	117	70,0%	70,0%
56-65 ára	109	72,4%	72,4%
66 ára og eldri	110	78,1%	78,1%
Búseta*			
Miðborg, Gamli Vesturbær	56	63,8%	63,8%
Hlíðar	49	71,0%	71,0%
Vesturbær, Seljarnarnes	70	75,7%	75,7%
Laugardalur, Háaleiti	64	78,6%	78,6%
Breiðholt	69	55,4%	55,4%
Árbær	32	59,0%	59,0%
Grafarvogur, Grafarholt	118	71,7%	71,7%
Kópavogur	122	69,6%	69,6%
Garðabær, Álftanes	45	64,2%	64,2%
Hafnarfjörður	125	79,4%	79,4%
Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjósarhr.	51	60,5%	60,5%
Löggæslusvæði			
Löggæslusvæði 1	238	72,7%	72,7%
Löggæslusvæði 2	170	75,4%	75,4%
Löggæslusvæði 3	191	64,5%	64,5%
Löggæslusvæði 4	200	66,9%	66,9%
Menntun*			
Grunnskólanám	248	64,1%	64,1%
Framhaldsskólanám	282	72,3%	72,3%
Háskólanám	214	73,7%	73,7%


Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Traust til lögreglu og upplifun á lögmæti og heiðarleika lögreglu


- Mikill meirihluti þátttakanda á höfuðborgarsvæðinu ber traust til lögreglu og starfa hennar, eða tæp 80%. Um 9% greina frá því að þeir beri ekki traust til lögreglu og um 11% segjast hlutlausir (sjá töflu 12).
- Á myndum 11 og 12 er birtur samanburður á trausti til lögreglu frá 2014 til 2020. Ekki hefur orðið mikil breyting á hlutfalli borgarbúa sem bera traust til lögreglu. Hlutfall þeirra sem eru mjög eða frekar sammála því að þeir beri traust til lögreglu er þó aðeins lægra nú en það hefur verið á síðustu árum, eða rúm 80% miðað við rúmlega 85% árið 2017.
- Hlutfallslega fleiri konur en karlar bera traust til lögreglu, eða rúmlega 87% kvenna samanborið við tæp 73% karla. Fólk í eldri aldurshópum treystir lögreglu frekar en fólk í yngri aldurshópum (sjá töflu 12). Þetta eru samskonar mynstur og hafa birst í könnunum fyrri ára. Með öðrum orðum, konur eru líklegri en karlar til að treysta lögreglu og eldra fólk frekar en fólk í yngri aldurshópum.
- Flestir þátttakendur sem búa í Árbæ (94,1%) bera traust til lögreglu, en hlutfallið er einnig hátt í Garðabæ og á Álftanesi (90,1%) og í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi eða í Kjósarhrepp (91,6%). Einungis um 64% þátttakanda sem búa í Vesturbæ eða á Seltjarnarnesi eru mjög eða frekar sammála því að þeir beri traust til lögreglu og starfa hennar (sjá töflu 12).
- Fólk með háskólamenntun er marktækt líklegra en fólk með styttri menntun að bera traust til lögreglu.
- Yfir 80% þátttakanda á höfuðborgarsvæðinu telja lögreglu í sínu hverfi almennt heiðarlega og að fylgja skuli fyrirmælum lögreglu, þó maður sé ósáttur við framkomu hennar eða úrlausn ákveðinna verkefna (sjá töflur 13 og 14).

Tafla 11. Traust til lögreglu. „Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Ég ber traust til lögreglu og starfa hennar“

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	393	36%	2,8%	36%
Frekar sammála	485	44%	2,9%	44%
Hvorki né	115	11%	1,8%	11%
Frekar ósammála	59	5%	1,3%	5%
Mjög ósammála	42	4%	1,1%	4%
Fjöldi svara	1094	100%		
Veit ekki	6			
Vil ekki svara	59			
Alls	1159			




Mynd 11. Traust til lögreglu. „Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Ég ber traust til lögreglu og starfa hennar“, samanburður árána 2014 til 2020



Mynd 12. Hlutfall þátttakenda sem var mjög eða frekar sammála fullyrðingunni að þeir beri traust til lögreglu og starfa hennar, samanburður árána 2014 til 2020

Tafla 12. Hlutfall þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu sem voru mjög eða frekar sammála að þeir beri traust til lögreglu og starfa hennar, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun



Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Tafla 13. Heiðarleiki lögreglu. „Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Lögreglan í mínu hverfi er almennt heiðarleg“


	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	377	41%	2,8%	41%
Frekar sammála	365	40%	2,8%	40%
Hvorki né	129	14%	2,0%	14%
Frekar ósammála	33	4%	1,1%	4%
Mjög ósammála	20	2%	0,8%	2%
Fjöldi svara	924	100%		
Veit ekki	174			
Vil ekki svara	61			
Alls	1159			

Tafla 14. Lögmæti lögreglu. „Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Fylgja skuli fyrirmælum lögreglu, þó maður sé ósáttur við framkomu hennar eða úrlausn ákveðinna verkefna“

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	429	40%	2,8%	40%
Frekar sammála	452	42%	2,8%	42%
Hvorki né	121	11%	1,8%	11%
Frekar ósammála	38	4%	1,1%	4%
Mjög ósammála	34	3%	1,0%	3%
Fjöldi svara	1074	100%		
Veit ekki	22			
Vil ekki svara	63			
Alls	1159			

Samskipti við lögreglu

- Hlutfallslega fleiri höfuðborgarbúar leituðu eftir þjónustu í fyrra heldur en árin tvö á undan. Munurinn er þó undir 5 prósentustigum. Árið 2020 greindu rétt tæplega 35% þátttakanda að hafa leitað eftir einhverskonar aðstoð eða þjónustu lögreglu á árinu 2019 (sjá mynd 13).
- Það er tölfraðilega marktækur munur á hlutfalli þeirra sem leita eftir þjónustu lögreglu eftir aldri og búsetu. Tæplega helmingur höfuðborgarbúa á aldrinum 26-35 ára leitaði eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu á síðasta ári, sem er hlutfallslega fleiri en í öllum öðrum aldurshópum. Rétt tæp 17% fólks í elsta aldurshópnum leitaði eftir þjónustu lögreglu.
- Nokkuð hátt hlutfall þátttakanda sem búa í Vesturbæ eða á Seltjarnarnesi leitaði eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu en lægsta hlutfallið var meðal íbúa í Garðabæ eða á Álftanesi (um 17%).
- Á mynd 14 má sjá að algengast er að fólk leiti eftir aðstoð eða þjónustu lögreglu með því að hringja í Neyðarlínuna (112), en það gerðu tæplega 22% höfuðborgarbúa á árinu 2019. Um 12% nýttu sér samfélagsmiðla lögreglu en einungis tæp 3% sendu henni tölvupóst.
- Í töflu 16 kemur fram hlutfall þátttakanda sem leitaði eftir einhverskonar þjónustu lögreglu greint eftir samskiptaleið, kyni, aldri, búsetu og menntun. Það er eingöngu marktækur munur eftir kyni þegar skoðað er hlutfall þeirra sem hringdu á lögreglustöð, en mun fleiri karlar en konur gerðu það.
- Í flestum tilfellum er munur á milli hversu hátt hlutfall leitaði eftir ákveðinni þjónustu lögreglu eftir aldri. Í öllum tilfellum eru hlutfallslega flestir á aldrinum 26 til 35 ára sem leita til lögreglu eftir þjónustu eða aðstoð, óháð samskiptaleið. Til að mynda greindi þriðjungur þátttakanda á aldrinum 26 til 35 ára frá því að hafa hringt í Neyðarlínuna (112) á síðasta ári en undir 10% fólks 66 ára eða eldri gerði slíkt.
- Það er ekki marktækur munur á því hversu hátt hlutfall hringdi í Neyðarlínuna (112) eftir því í hvaða hverfi þátttakendur búa. Íbúar sem tilheyra löggæslusvæði 1 (101, 102, 103, 104, 105, 107, 108 og 170) voru þó marktækt líklegri en íbúar annarra svæða til að hringja í Neyðarlínuna.
- Íbúar á höfuðborgarsvæðinu með grunnskólanám að baki er marktækt líklegri en fólk með lengri menntun að hafa farið á lögreglustöð, eða tæp 13% samanborið við rúm 6% (fólks með framhaldsskólanám og háskólanám).
- Í töflu 17 og á mynd 15 kemur fram að meirihluti þeirra sem nýttu sér þjónustu eða aðstoð lögreglu var ánægður með þjónustuna/aðstoðina. Þetta á sérstaklega við um þá sem fóru á heimasíðu lögreglu og þá sem hringdu í Neyðarlínuna (112). Ánægja er síst meðal þeirra sem sendu lögreglunni tölvupóst (tæp 43% mjög eða frekar ánægðir). En fæstir af þeim sem hafa samband við lögreglu gera það með því að senda henni tölvupóst (tæp 3%, sjá mynd 14).




Mynd 13. Hlutfall þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu sem leitaði eftir einhvers konar þjónustu eða aðstoð lögreglu, samanburður árána 2014 til 2019⁵

⁵ Spurt var: Ef þú hugsar um árið 2019, leitaðir þú eftir þjónustu/aðstoð lögreglu með einhverjum af eftirtöldum hætti? ...

Tafla 15. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir einhvers konar þjónustu, skipt upp eftir kyni, aldri, búsetu og menntun

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Hlutfall
Heild			
	1159	34,9%	34,9%
Kyn			
Karl	586	37,2%	37,2%
Kona	572	32,5%	32,5%
Aldur***			
18-25 ára	168	36,1%	36,1%
26-35 ára	234	48,6%	48,6%
36-45 ára	212	37,9%	37,9%
46-55 ára	185	38,5%	38,5%
56-65 ára	168	27,5%	27,5%
66 ára og eldri	192	16,5%	16,5%
Búseta**			
Miðborg, Gamli Vesturbær	78	40,7%	40,7%
Hlíðar	75	29,3%	29,3%
Vesturbær, Seltjarnarnes	108	46,0%	46,0%
Laugardalur, Háaleiti	103	38,7%	38,7%
Breiðholt	98	35,7%	35,7%
Árbær	59	23,9%	23,9%
Grafarvogur, Grafarholt	152	37,6%	37,6%
Kópavogur	183	33,2%	33,2%
Garðabær, Álfanes	78	17,1%	17,1%
Hafnarfjörður	157	34,9%	34,9%
Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjósarhr.	68	37,8%	37,8%
Löggæslusvæði			
Löggæslusvæði 1	363	39,4%	39,4%
Löggæslusvæði 2	235	29,0%	29,0%
Löggæslusvæði 3	281	34,1%	34,1%
Löggæslusvæði 4	279	34,8%	34,8%
Menntun			
Grunnskólanám	345	36,8%	36,8%
Framhaldsskólanám	407	37,0%	37,0%
Háskólanám	326	31,0%	31,0%

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001



Mynd 14. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir mismunandi þjónustu eða aðstoð lögreglu


Tafla 16. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir einhvers konar þjónustu lögreglu, greint eftir samskiptaleið, kyn, aldri, búsetu og menntun

	Heildarfjöldi eftir vigtun	Hringdi í neyðarlínuna	Nýtti mér samfélags- miðla	Hringdi á lögreglustöð	Fór á lögreglustöð	Fór á heimasíðu lögreglu	Sendi lögreglunni tölvupóst
Heild	1130	21,7%	11,5%	9,6%	8,2%	5,3%	2,8%
Kyn				**			
Karl	569	23,7%	13,0%	12,4%	8,5%	6,2%	2,9%
Kona	561	19,6%	10,0%	6,7%	7,9%	4,4%	2,7%
Aldur		***	***	***	***	***	***
18-25 ára	164	27,0%	15,6%	4,8%	4,3%	9,5%	2,1%
26-35 ára	225	33,4%	19,9%	17,5%	16,2%	9,5%	6,3%
36-45 ára	208	23,1%	11,1%	10,3%	9,4%	6,5%	4,4%
46-55 ára	181	19,7%	17,9%	13,1%	7,5%	3,7%	1,2%
56-65 ára	162	14,3%	2,6%	4,5%	7,5%	1,2%	0,3%
66 ára og eldri	190	9,8%	0,0%	4,7%	2,0%	0,5%	1,3%
Búseta			***	**	***	**	**a
Miðborg, Gamli Vesturbær	72	28,2%	1,8%	11,6%	4,7%	2,0%	5,9%
Hlíðar	74	17,5%	4,6%	8,7%	11,9%	5,0%	9,5%
Vesturbær, Seljarnarnes	105	26,8%	17,8%	10,4%	10,7%	7,2%	3,7%
Laugardalur, Háaleiti	99	26,0%	14,6%	9,3%	4,6%	4,7%	3,6%
Breiðholt	96	21,0%	7,9%	8,3%	4,7%	1,0%	1,8%
Árbær	57	16,9%	3,8%	3,6%	4,8%	2,5%	0,0%
Grafarvogur, Grafarholt	150	25,4%	11,5%	12,2%	14,3%	6,8%	2,3%
Kópavogur	181	22,2%	11,8%	13,0%	9,9%	6,5%	2,1%
Garðabær, Álftanes	77	9,0%	7,9%	3,3%	2,0%	0,8%	0,0%
Hafnarfjörður	152	19,1%	15,9%	5,3%	6,7%	9,3%	2,3%
Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjósarhi	67	20,8%	20,7%	16,6%	9,4%	5,4%	0,6%
Löggæslusvæði		**	*	*	*		*
Löggæslusvæði 1	351	24,9%	10,8%	10,0%	8,0%	5,0%	5,4%
Löggæslusvæði 2	229	15,7%	13,2%	4,6%	5,1%	6,4%	1,6%
Löggæslusvæði 3	276	21,8%	10,4%	11,4%	8,1%	4,6%	2,0%
Löggæslusvæði 4	275	22,5%	12,2%	11,5%	11,1%	5,6%	1,4%
Menntun					**		
Grunnskólanám	341	24,3%	11,9%	12,2%	12,8%	5,0%	1,5%
Framhaldsskólanám	400	22,7%	12,3%	8,9%	6,4%	6,3%	3,1%
Háskólanám	322	17,5%	10,4%	7,2%	6,3%	4,6%	2,9%

Marktækur munur milli hópa *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001 a: Reitir með fáa einstaklinga og því í þarf að túlka marktæktarpróf varlega Þegar munur milli hópa er marktækur er hæsta prósentutalan feitletruð

Tafla 17. Ánægja/óánægja með þjónustu eða aðstoð lögreglu: „Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með þjónustu/aðstoð lögreglu árið 2019?“

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð(ur)	108	30%	2,6%	30%
Frekar ánægð(ur)	171	48%	2,9%	48%
Frekar óánægð(ur)	56	16%	2,1%	16%
Mjög óánægð(ur)	23	6%	1,4%	6%
Fjöldi svara	358	100%		
Á ekki við	761			
Veit ekki	37			
Vil ekki svara	3			
Alls	1159			



Mynd 15. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir þjónustu lögreglu og voru mjög eða frekar ánægðir með þjónustuna, greint eftir samskiptaleið